
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2001-08
Fundartími: Þriðjudagur 4. desember 2000 kl. 12:00
Fundarstaður: Veitingahúsið Siggi Hall
Fundarefni: 1) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins.
2) Vinnutilhögun hópsins, reynsla af starfi ársins og undirbúningur verkefna næsta árs.
3) Samningur um verkefni næsta árs.
4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Guðmundur Guðmundsson
Ívar Þorsteinsson
Eiríkur Bogason
Jakob Ólafsson
Eggert Guðjónsson
Ólafur Pálsson
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

- 1) Rætt var um raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins og ekki komu fram neinar frekari skýringar á mikilli aukningu á 3. ársfjórðungi sbr. síðasta fund. JV ætlar að athuga með aukningu í október.
- 2) Stefnt er að því að starfsemin verði á svipuðu formi á næsta ári og á þessu ári nema að spáin verður endurskoðuð þá. Á næsta fundi verður farið yfir síðustu spá til að meta hverju þarf að breyta. Fundarmenn ætla einnig að hugleiða hvort eitthvað nýtt þyrfti að koma inn í spána.
- 3) JV var falið að endurskoða kostnaðarhlutföll milli veitnanna út frá orkusölu þeirra. Engar frekari athugasemdir komu fram við áætlun um starfsemina á næsta ári og var áætlunin samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 13:45. Næsti fundur ákveðinn 5. febrúar 2002.

ORKUSPÁRNEFND
Raforkuhópur

-2-

5. desember 2001
JV

Jón Vilhjálmsson